



**HAFNARFJÖRÐUR**

Velferðarráðuneytið  
b/t Svandísar Svavarsdóttur, heilbrigðisráðherra  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

Hafnarfirði, 7. desember 2017  
1705360 AUT

### **Ítrekuð ósk um framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra**

Hafnarfjarðarkaupstaður sótti um framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra, dagsett 12. júlí 2017, til endurbóta á hluta á húsnæði Sólvangs þannig að hægt væri að starfrækja þar áfram hjúkrunarheimili. Fellur verkefnið undir e. lið 5. gr. reglugerðar um Framkvæmdasjóð aldraðra nr. 468/2014. Með umsókninni fylgdi ítarleg samantekt, dagsett 12. júlí 2017, varðandi úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra, gjöld í sjóðinn og fjölda hjúkrunarrýma í Hafnarfirði.

Með bréfi dagsettu 24. júlí 2017 kemur fram að Velferðarráðuneytið er tilbúið til að skoða fjölgun hjúkrunarrýma á Sólvangi þegar greitt hefur verið úr helstu óvissuþáttum.

Síðan með bréfi velferðarráðuneytisins, dags. 24. október 2017, er tilkynnt að fenginni tillögu stjórnar Framkvæmdasjóðs aldraðra hafi heilbrigðisráðherra ákveðið að veita ekki framlag til framkvæmdarinnar.


Með vísan til eftirfarandi er óskað eftir að heilbrigðisráðherra taki til endurskoðunar úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra og veiti framlag til endurbóta á Sólvangi þannig að hægt verði að starfrækja þar áfram hjúkrunarheimili með allt að 33 hjúkrunarrýmum, sem rekin verði sem hluti af nýju hjúkrunarheimili sem er verið að byggja við hlið Sólvangs.




## Framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra

Ár	Hafnarfjörður	Kópavogsbær	Reykjavík	Mostralsbær	Garðabær	Seltjarnnesbær	Subarnes	Vesturland	Vestfirðir	Norurland	Suðurland	Austurland	Samtals	Hlutfall Hafnarfjarðar
2008	20.636.974	175.288.268	474.322.290					136.980.597	1.580.468	21.551.836	115.799.453		946.159.885	2,18%
2009		173.196.460	748.145.842			7.144.675	37.438.660	259.684.357	1.077.667	93.737.773	141.046.065	35.864.497	1.497.335.994	
2010		7.103.787	143.469.484					142.903.469	967.702	15.572.096	39.961.847		349.978.386	
2011	56.652.476		52.204.554	22.204.493	128.697.101		4.518.152	13.837.718	1.872.809	4.682.023	107.352.930		392.022.255	14,45%
2012		3.449.560	22.255.223					133.809.527	111.276		7.344.224		166.969.809	
2013	91.055.246	2.785.219	275.308.214	17.996.802						3.074.454	2.506.697		392.726.632	23,19%
2014		6.089.242	40.209.998					4.199.478		85.774.329	2.519.687		138.792.733	
2015	3.202.126		44.726.472					24.377.477			223.529.065		295.835.140	1,08%
2016	30.976.453		11.578.084			69.265.380	2.843.740	19.093.683		3.046.864	41.640.478	5.789.042	184.233.724	16,81%
Samtals	202.523.274	367.912.536	1.812.220.160	40.201.295	135.841.776	69.265.380	44.800.552	734.886.305	5.609.922	227.439.375	681.700.445	41.653.539	4.364.054.559	4,64%
Hlutfall af heild	4,6%	8,4%	41,5%	0,9%	3,1%	1,6%	1,0%	16,8%	0,1%	5,2%	15,6%	1,0%		

Taflan hér að framan sýnir framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra skipt niður á landshluta og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu á verðlagi í apríl 2017. Eins og taflan sýnir voru úthlutanir á þessu tímabili samtals til Hafnarfjarðar 202,5 milljónir króna. Til samanburðar voru gjöld Hafnfirðinga í Framkvæmdasjóð aldraðra árin 2008 til 2016 á verðlagi í apríl 2017 samtals 1.488,5 milljónir króna. Þannig námu úthlutanir til Hafnarfjarðar úr Framkvæmdasjóði aldraðra á þessu tímabili 13,6% af gjaldinu sem íbúar Hafnarfjarðar greiddu í sjóðinn.






Myndin hér að framan sýnir hlutfallslega skiptingu íbúa landsins á milli landshluta og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu miðað við íbúafjölda samtals 2017 og hlutfallslega skiptingu úthlutana úr Framkvæmdasjóði aldraðra árin 2008 til 2016. Eins og myndin sýnir er mikið misvægi þegar þessi hlutföll eru borin saman á milli landshluta og sveitarfélaga. Myndin gefur ákveðna vísbendingu um að ekki sé gætt jafnræðis við úthlutanir úr sjóðnum. Spurning vaknar um eftir hvaða reglum er farið þegar úthlutað er úr sjóðnum. Leggja ber áherslu á að málaflokkurinn er á ábyrgð ríkissjóðs og því mikilvægt að hálfu ríkisins sé þess gætt að íbúum landsins sé ekki mismunað eftir búsetu. Skoða má jafnframt skiptingu miðað við áætlaða þörf á hjúkrunarrýmum skv. reiknireglu ráðuneytisins, sjá hér síðar.

## Gjöld Hafnafirðinga í Framkvæmdasjóð aldraðra

Ártal	Greitt	Vísitala neysluverðs	Á verðlagi í apríl 2017
2000	41.658.120	199,1	92.501.531
2001	51.985.132	212,4	108.204.458
2002	59.981.440	222,6	119.127.559
2003	63.733.680	227,3	123.962.428
2004	69.131.424	234,6	130.277.078
2005	76.077.225	244,1	137.786.732
2006	86.419.718	260,6	146.608.432
2007	103.533.328	273,7	167.234.506
2008	117.803.073	307,7	169.258.169
2009	123.051.600	344,6	157.867.418
2010	120.825.600	363,2	147.073.232
2011	136.196.606	377,7	159.418.903
2012	144.165.644	397,3	160.421.926
2013	153.392.547	412,7	164.319.954
2014	161.589.064	421,1	169.647.412
2015	171.913.056	428,0	177.576.547
2016	182.915.492	Áætlað	182.915.492
<b>Samtals</b>	<b>1.864.372.749</b>		<b>2.514.201.776</b>

Taflan hér að framan sýnir gjaldið sem íbúar Hafnarfjarðar hafa greitt í Framkvæmdasjóð aldraðra frá árinu 2000 til 2016. Miðað við verðlag í apríl 2017 hafa hafnafirðingar greitt gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra samtals 2.514,2 milljónir króna. Á sama tíma hafa úthlutanir úr sjóðnum til stofnana í Hafnafirði á verðlagi í apríl 2017 verið samtals 439,6 milljónir króna, sem samsvarar 17% af því sem íbúar Hafnarfjarðar hafa greitt til Framkvæmdasjóðs aldraðra á sama tímabili. Hafa ber í huga að í Hafnafirði hafa verið rekin tvö hjúkrunarheimili annað að Sólvangi í húsnæði, sem er að mestu í eigu Hafnarfjarðarkaupstaðar og hitt rekið af Hrafnistu og er húsnæðið þar í eigu Sjómannadagsráðs. Þannig hefur ríkissjóður nánast ekkert lagt fram við byggingu hjúkrunarrýma í Hafnafirði fram til þessa.



## Fjöldi hjúkrunarrýma í Hafnarfirði


Fjöldi hjúkrunarrýma	Rými 1999	Rými 2016	Breyting 1999/2016	Hlutfallsleg breyting
Hrafnista, Hafnarfirði	146	163	17	
Sólvangur, Hafnarfirði	96	59	-37	
<b>Samtals</b>	<b>242</b>	<b>222</b>	<b>-20</b>	<b>-8,3%</b>
Íbúafjöldi í Hafnarfirði	18.656	28.189	9.533	51%
Íbúar 67 ára og eldri í Hafnarfirði	1.495	2.851	1.356	91%

Taflan hér að framan sýnir fjölda hjúkrunarrýma í Hafnarfirði árið 1999 og 2016. Eins og taflan sýnir hefur hjúkrunarrýmum í Hafnarfirði fækkað um 20 frá árinu 1999, eða um 8,3%. Á sama tíma hefur íbúum Hafnarfjarðar fjölgað um 51% eða úr 18.658 í 28.189. Hins vegar hefur fjöldi íbúa 67 ára og eldri nánast tvöfaldast á þessu tímabili. Farið úr 1.495 íbúum í 2.851 íbúa, eða fjölgun um 91%. Á sama tíma fækkar hjúkrunarrýmum um 20 rými. Ljóst er að íbúum í Hafnarfirði mun fjölga nokkuð á næstu misserum þar sem verið er að úthluta lóðum fyrir mikinn fjölda íbúða. Íbúar Hafnarfjarðar voru komnir í 29.014 þann 1. júlí s.l.

Samkvæmt upplýsingum frá Hrafnistu stendur til að fara í endurbætur á núverandi húsnæði Hrafnistu í Hafnarfirði þannig að það standist kröfur um rými á hvern heimilismann. Með hliðsjón af því mun fjöldi hjúkrunarrýma fækka hjá Hrafnistu í Hafnarfirði komi ekki til nýtt húsnæði eða endurbætur á eldra húsnæði. Þannig mun ljóst vera að verði ekkert að gert mun hjúkrunarrýmum halda áfram að fækka í Hafnarfirði þrátt fyrir að íbúum fjölgi.

Eins og kunnugt er nú í byggingu nýtt hjúkrunarrými í Hafnarfirði á lóð Sólvangs. Hjúkrunarrýmið verður með 60 hjúkrunarrýmum. Með þessari framkvæmd mun hjúkrunarrýmum í Hafnarfirði einungis fjölga um eitt að öllu óbreyttu þar sem gert er ráð fyrir að heimilisfólk á Sólvangi sem nú er með 59 hjúkrunarrými flytji yfir í nýja hjúkrunarheimilið.

Leitað var eftir upplýsingum á vef velferðarráðuneytisins hvernig reikna eigi mat á þörf fyrir fjölda hjúkrunarrýma. Eftirfarandi er tekið úr skýrslu sem er á vef ráðuneytisins, „Skipulag hjúkrunarheimila“, félags- og tryggingarmálaráðuneytið, nóvember 2008.



## HAFNARFJÖRÐUR

### Mat á þörf fyrir fjölda hjúkrunarrýma

Stefna félags- og tryggingamálaráðuneytisins er sú að tryggja öldruðum sem þess þurfa aðgang að hjúkrunarheimili í sinni heimabyggð eða sem næst heimahögum. Ákvörðun um byggingu nýrra hjúkrunarheimila og stærð þeirra þarf því að taka mið af þörf fyrir þetta úrræði á hverjum stað út frá aldurssamsetningu íbúa og fyrirsjáanlegri þróun íbúafjölda. Samkvæmt viðmiðum félags- og tryggingamálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að fjöldi hjúkrunarrýma á hverju svæði nemi 1,5% af fjölda íbúa á aldrinum 67–74 ára, 4,5% þeirra sem eru 74–79 ára og 20% þeirra sem eru eldri en 80 ára. Í þeim viðmiðunum er gert ráð fyrir að 10–15% séu fyrir hvíldarrými.

#### Áætluð þörf hjúkrunarrýma í

##### Hafnarfirði:


67 til 74 ára	1.366	1,50%	20,5
75 til 79 ára	724	4,50%	32,6
80 ára og eldri	822	20,00%	164,4
<b>Samtals</b>			<b>217,5</b>
Fjöldi hjúkrunarrýma 2016			222
Ekki lögheimili í Hafnarfirði fyrir búsetu*			78,9
<b>Vöntun</b>			<b>-74,4</b>

Samkvæmt upplýsingum frá Hrafnistu og Sólvangi í júlí 2017

Taflan hér að framan sýnir áætlaða þörf á hjúkrunarrýmum í Hafnarfirði miðað við reiknilíkan ráðuneytisins. Samkvæmt því er þörfin 217,5 hjúkrunarrými. Hjúkrunarrýmin eru 222. Hafa ber í huga að Hrafnista í Hafnarfirði er í eigu Sjómannadagsráðs og var ekki reist á sínum tíma eingöngu fyrir Hafnfirðinga heldur er í boði fyrir alla þá sem uppfylla skilyrði samkvæmt færni- og heilsumati, óháð búsetu. Þetta skýrir það að hluta til að 62 af heimilisfólki á Hrafnistu 1. ágúst sl. voru ekki með lögheimili í Hafnarfirði þegar það hóf búsetu á Hrafnistu í Hafnarfirði. Á Sólvangi voru 17 einstaklingar ekki með heimilisfestu í Hafnarfirði þegar þeir hófu búsetu á Sólvangi. Samkvæmt þessu er vöntun fyrir um 74 hjúkrunarrými í Hafnarfirði fyrir Hafnfirðinga.



# HAFNARFJÖRÐUR



Myndin hér að framan sýnir hlutfallslega skiptingu á áætlaðri þörf fyrir hjúkrunarrými samkvæmt framangreindu mati og íbúafjölda 2017. Jafnframt sýnir taflan hlutfallslega skiptingu á úthlutunum úr Framkvæmdasjóði aldraðra árin 2008 til 2016. Eins og áður sýnir myndin mikið misvægi þegar þessi hlutföll eru borin saman á milli landshluta og sveitarfélaga. Enn vaknar spurning um hvort jafnræðis við úthlutanir úr sjóðnum sé gætt.

Eftirfarandi þrjár töflur eru unnar úr ríkisreikningi og sýna gjald í og ráðstöfun úr Framkvæmdasjóði aldraðra á verðlagi hvers árs.

Ár	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	Samtals	Hlutfallsleg skipting
Fjárhæðir milljónum króna											
Gjald til framkvæmdasjóðs	1.307	1.416	1.530	1.476	1.643	1.738	1.821	1.907	2.031	14.869	
Ráðstöfun:											
Rekstur				-625	-811	-1.308	-1.062	-625	-625	-5.056	
Viðhald	-220	-233	-195	-270	-270	-270	-270	-270	-270	-2.268	
<b>Samtals rekstur og viðhald</b>	<b>-220</b>	<b>-233</b>	<b>-195</b>	<b>-895</b>	<b>-1.081</b>	<b>-1.578</b>	<b>-1.332</b>	<b>-895</b>	<b>-895</b>	<b>-7.324</b>	<b>49,3%</b>
Framlag til stofnkost./Endurb.	1.087	1.183	1.335	581	562	160	489	1.012	1.136	7.545	
Stofnkost./Endurb.	-690	-1.150	-525	-274	-240	-496	-834	-761	-884	-5.854	<b>39,4%</b>
<b>Tekjur umfram gjöld</b>	<b>397</b>	<b>33</b>	<b>810</b>	<b>307</b>	<b>322</b>	<b>-336</b>	<b>-345</b>	<b>251</b>	<b>252</b>	<b>1.691</b>	<b>11,4%</b>

Taflan sýnir að á tímabilinu 2008 til 2016 fór 49,3% af gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra í rekstur og viðhald, 39,4% í stofnkostnað og endurbætur og 11,4% var ekki ráðstafað.





## HAFNARFJÖRÐUR

Ár	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	Samtals
Sjóður, í milljónum króna:										
Tekjur innheimtar	1.243	1.355	1.480	1.435	1.591	1.695	1.781	1.866	1.967	14.413
Greitt úr ríkissjóði	-1.309	-1.330	-718	-1.142	-1.632	-1.997	-1.546	-1.510	-1.657	-12.841
Inngreitt umfram útgreitt	-66	25	762	293	-41	-302	235	356	310	1.572

Taflan hér að framan sýnir hversu mikið innheimtist á tímabilinu af gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra, hversu miklu var ráðstafað af gjaldinu og þá eftirstöðvar, þ.e. uppsöfnuð krafa Framkvæmdasjóðs aldraðra á ríkissjóð á tímabilinu.

Í milljónum króna	Staða		
	1/1 2008	Aukning á tímabili	31/12 2016
Inneign hjá ríkissjóði	510	1.571	2.081
Viðskiptakröfur	64	98	162
Viðskiptaskuldir	-638	20	-618
	<b>-64</b>	<b>1.689</b>	<b>1.625</b>

Taflan hér að framan sýnir hver staðan á Framkvæmdasjóði aldraðra var 1. janúar 2008 og 31. desember 2016 samkvæmt efnahagsreikningi. Eins og þarna kemur fram skuldaði ríkissjóður í árslok 2016 Framkvæmdasjóði aldraðra 2.081 milljónir króna. Til samanburðar má geta þess að kostnaður við að byggja 60 rýma hjúkrunarrými með búnaði er um 1.800 milljónir króna.

Með vísan til framanritaðs eru eftirfarandi spurningar lagðar fyrir heilbrigðisráðherra og stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra:

- 1) Hvernig hyggst stjórn sjóðsins og heilbrigðisráðherra að ráðstafa þeim fjármunum sem safnast hafa upp á undanförunum árum sem krafa á ríkissjóð, sbr. hér að framan?
- 2) Kemur til greina að þessum fjármunum verði öllum varið til byggingu nýrra hjúkrunarrýma og/eða endurbóta á eldri rýmum með hliðsjón af þeirri miklu þörf sem er á hjúkrunarrýmum?
- 3) Með vísan til framanritaðs er spurt hvort stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra og ráðherra telji að jafnræðis sé gætt við úthlutun úr sjóðnum á milli landshluta og ef svo er talið, þá með hvaða hætti það er gert?
- 4) Erfitt er að sjá eftir hvaða reglum er farið við úthlutunum úr Framkvæmdasjóði aldraðra og hvaða gögn eru lögð til grundvallar. Með vísan til þess kemur til greina að endurskoða úthlutunarreglur sjóðsins þannig að jafnræðis sé gætt?
- 5) Samkvæmt yfirlit á vef velferðarráðuneytisins eru samþykktar úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra árið 2017 172 milljónir króna samanborið við að gjald í sjóðinn í heilt ár eru rúmar 2.000 milljónir króna. Þannig nemur úthlutunum úr sjóðnum árið 2017 um 10% af því gjaldi sem greitt er í sjóðinn skv. yfirliti á vef ráðuneytisins. Samkvæmt yfirlitinu eru engar úthlutanir árið 2017 ætlaðar til nýbyggingar eða endurbyggingar á hjúkrunarrýmum þrátt fyrir mikla þörf. Með vísan til þessa er spurt:



## HAFNARFJÖRÐUR

- a) Hver tekur ákvörðun um að stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra geri einungis tillögu um úthlutun úr sjóðnum á hverjum tíma að hluta af því fjármagni sem er til ráðstöfunar, nú rétt um 10% af því gjaldi sem greitt er í sjóðinn?
  - b) Óskað er upplýsinga um hvernig því sem eftir stendur af tekjum sjóðsins í ár (2017) verður ráðstafað og hver tekur ákvörðun um það?
  - c) Óskað er skýringa á því af hverju stjórn sjóðsins gerir ekki tillögu um úthlutun úr sjóðnum í ár (2017) til byggingar og/eða endurbyggingar á hjúkrunarrýmum með hliðsjón af þeirri miklu þörf sem er á nýjum hjúkrunarrýmum.
  - d) Telur stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra að úthlutanir og ráðstafanir úr sjóðnum séu í samræmi við 9. gr. laga nr. 125/1999 en þar segir að „Framkvæmdasjóður aldraðra skal stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um land allt“. Við að svara fyrirspurninni skal haft í huga að tekjur Framkvæmdasjóðs aldraðra er sérstakt gjald en ekki skattur. Jafnframt að á tímabilinu 2008 til 2016 fóru einungis 39,4% af gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra í stofnkostnað og endurbætur. Að auki hefur farið hluti af gjaldinu til greiðslu á leigugjöldum.
- 6) Kemur til greina af hálfu ráðherra að leggja til að hætt verði að nota hluta af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs aldraðra í viðhald og rekstur hjúkrunarheimila. Á tímabilinu 2008 til 2016 var varið 49,3% í rekstur og viðhald, eða 7,3 milljarðar króna. Telur ráðherra að þetta samrýmist markmiðum Framkvæmdasjóðs aldraðra, sbr. lið 5d hér að framan.
- 7) Með vísan til þess að fjöldi hjúkrunarrýma í Hafnarfirði hefur farið fækkandi og ljóst að öllu óbreyttu mun þeim fækka enn frekar á næstu árum verði ekkert að gert kemur til greina að ráðherra og stjórn sjóðsins taki til skoðunar að endurskoða afstöðu sína um úthlutun úr sjóðnum vegna endurbóta á Sólvangi og þá m.a. með hliðsjón af uppsafnaðri kröfu sjóðsins á ríkissjóð sbr. hér að framan?

Virðingarfyllst,

  
Haraldur L. Haraldsson,  
bæjarstjóri.

Samskonar erindi sent framkvæmdasjóði aldraðra.

Afrit sent Umboðsmanni alþingis.